

Nr. 1291

30. desember 2013

AUGLÝSING um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Hulduheima.*

Í breytingunni felst að aðkomuvegur færst norðar í landið, þrír byggingarreitir minnka og tveir þeirra færast til suðurs.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. ágúst 2013.

2. *Breyting á deiliskipulagi Réttarholts og Árnесс.*

Í breytingunni felst m.a. breyting á legu E-götu ásamt því að D-gata og Suðurbraut tengjast nú E-götu í stað tengivegar. Lóð gámasvæðis breytist og gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir móttökuhús á gámasvæði. Einnig breytast lóðamörk á D-götu 2 og E-götu 1 og 2 og lóðastærðir við Suðurbraut 8 og 10 vegna nýs vegar.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2013.

3. *Deiliskipulag fyrir Mörk úr landi Kílhrauns.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit umhverfis núverandi íbúðarhús auk byggingarreits fyrir útihús þar sem einnig er gert ráð fyrir reiðvelli og reiðgerði. Þrjár lóðir eru aðgreindar fyrir frístundahús.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. ágúst 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. desember 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014